

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnaeiming ehf Seljavogi 14 Reykjanesbæ



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	25.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Efnaeiming ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Seljavogi 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670302-2880	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Bjarnason	ÍSAT nr.	38.22
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik fundust í eftirliti. Bent var á að starfsleyfið væri gefið út fyrir ákveðna staðsetningu (Seljavog 14 í Höfnum). Breytingar á starfsleyfi eða umsókn um starfsleyfi skal sækja til Umhverfisstofnunar.

UMFANG EFTIRLITS

Efnaeiming ehf. er ekki í rekstri þar sem fyrirtækinu var sagt upp húsnæðinu þar sem reksturinn hefur verið um árabíl, Seljavogur 14 í Höfnum, Reykjanesbæ.

Minnt er á að í grein 1.5 í starfsleyfi segir að tilkynna skal stöðvun reksturs með minnst mánaðar fyrirvara. Engin tilkynning þar um barst Umhverfisstofnun og engin úttekt á frágangi var gerð.

Búnaður Efnaeimingar ehf. er í geymslu að Völuteig 8 í Mosfellsbæ. Farið var í eftirlit þangað en rekstraraðili hefur skrifstofuaðstöðu á staðnum. Sest var niður yfir kröfum í starfsleyfinu sem er frá 2013.

Farið var yfir skil á gögnum samkvæmt kröfum í starfsleyfi. Grænt bókhald hefur borist sem og skýrsla rekstraraðila um magn móttækinnar spilliefna, um mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim sem og um rekstur fráveitukerfis. Spilliefnaþró var tæmd fimm sinnum á síðasta ári og 9 tonn voru losuð úr henni. Engar efnagreiningar á innihaldi spilliefnaþróarinnar voru gerðar.

Ísogsefni eru í flutingabílum (ADR krafa) en Efnamóttakan hf. hefur séð um akstur efna til og frá rekstraraðila. Ísogsefni eru ekki notuð á staðnum til þess að hreinsa upp mengunaróhöpp, heldur er innihald söfnunarþróarinnar keyrt í gegnum eimingartæki fyrirtækisins ef innihaldið mengast.

Gera þarf nýtt áhættumat vegna nýrrar staðsetningar þegar fyrirtækið verður aftur sett í rekstur, því fylgir að gera þarf nýja viðbragðsáætlun.

Gengið var á bak við hús þar sem eimingartæki fyrirtækisins eru í geymslu, myndir teknar og virtist ágætlega um tækin gengið og þau læst með keðju og hengilás.

ATHUGASEMDIR

Tilkynna á rekstrarstöðvun til Umhverfisstofnunar.

Breytingar á starfsleyfi eða umsókn um starfsleyfi skal sækja til Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.06.2016

Gottskálk Friðgeirsson